

Reykjavík 17. mars 2000

Nefndasvið Alþingis  
Helga Þórisdóttir, nefndarritari  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Við er til bréfs Menntamálanefndar Alþingis dags. 24. febrúar sl. varðandi frumvarp til höfundalaga 325. mál EES-reglur.

Málinu var vísað til umsagnar Dóru Ingvadóttur, framkvæmdastjóra Útvarps og Bjarna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Sjónvarps og fylgir umsögn þeirra hér með.

Fulltrúar Ríkisútvarpsins eru reiðubúnir að koma til fundar við nefndina sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Markús Örn Antonsson.



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 125/1066*  
*komudagur 16. 3. 2000*

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2000

Með bréfi menntamálanefndar dags. 24. febrúar sl. var Ríkisútvarpinu sent til umsagnar frumvarp til breytinga á höfundalögum, 325. mál, EES-reglur.

Í frumvarpinu eru lögð til ýmis nýmæli og breytingar þ.á.m. um óafsalanlegt gjald til höfundar kvikmyndaverks vegna framsals réttar til útleigu slíks verks. Kveðið er á um þetta í 6. gr. frumvarpsins þar sem mælt er fyrir um nýja málsgrein í 41. gr. laganna sem á að verða 3. mgr. þeirrar greinar.

Með 9. gr. frumvarpsins er síðan lagt til að hin nýja 3. mgr. 41. gr. verði tekin upp í upptalningu 3. mgr. 45. gr. laganna sem fjallar um vernd listflytjenda en ekki höfunda kvikmyndaverka. Þetta getur vart talist rökrænt, enda um óskyld réttindi að ræða. Ef hugmyndin er að auka vernd réttar listflytjenda væri þá ekki rétt að segja það hreint út í stað þess að læða þeirri breytingu að undir því yfirskyni að um vernd höfunda kvikmyndaverka sé að ræða. Í umfjöllun um 9. gr. í greinargerð er upptaka 3. mgr. 41. gr. í upptalningu 3. mgr. 45. gr. sögð leiða af því að regla 3. mgr. 41. gr. sé sett. Um rökrænt samhengi þessarar framsetningar hljóta menn að efast.

Það verður að telja sérstakt að í umfjöllun greinargerðar um 16. gr. skuli þess ekki getið að ákvæði 61. gr. voru afnumin fyrir hreina slysi með lögum 145/1996. Þar var um svo augljósa villu að ræða að í raun hefði átt að leiðrétta hana í útgáfu Stjórnartíðinda, en eftir að löggin voru tekin upp í Lagasafnið í afbakaðri mynd er vart um aðra leið til leiðréttingar að ræða en lögð er til í 16. gr. frumvarpsins.

Í frumvarpinu er hins vegar ekki vikið að ákvæðum 61. gr. a. en þau eru vægast sagt afar óljós og brýn ástæða að taka til endurskoðunar. Þessi grein geymir heimild til að breyta ákvæðum laga, settra á Alþingi, með stjórnvaldsákvörðunum. Þó er þess í engu getið hvernig birta skuli slíkar ákvarðanir né standa að þeim að öðru leyti. Skapaðist veruleg óvissa í þessum efnun við fullgildingu Rómarsáttmálans frá 1961, en C-deildar birting auglýsingar um fullgildingu hans dróst úr hömlu, utan þess að slíkar birtingar duga ekki skv. almennt viðurkenndum viðhorfum til að breyta landsrétti.

Virðingarfyllst

Bjarni Guðmundsson  
framkvæmdastjóri Sjónvarps

# Framkvæmdastjóri Útvarpsins

Ríkisútvarpinu, Efstaleiti 1, Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2000

Til útvarpsstjóra

## **Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972**


Höfuðmarkmið þeirra breytinga, sem nú eru lagðar til með frumvarpi að breytingu á höfundalögum, er að laga þau að tilskipunum Evrópuþingsins og -ráðsins og helstu nýmæli varða gagnagrunna og skilgreiningu á þeim skv. tilskipun Evrópusambandsins eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið.

Í 2. gr. a. í frumvarpinu er sett inn ný málsgrein við 11. gr. laganna, þ.e....ekki er veittur réttur til: "Eftirgerðar véllæsilegra eintaka gagnagrunns." Við þetta hljóta að vakna spurningar um rétt Ríkisútvarpsins til alls þess efnis sem er á vefjum þess á Netinu og á hvaða hátt ýmsir utanaðkomandi aðilar hafa tengt sig því. Fram hefur komið á fundum framkvæmdastjóra norrænu útvarpsstöðvanna að þar er verið að gera ýmsar breytingar á höfundalögum og á samningum við rétthafa vegna notkunar efnis á Netinu. Þær breytingar, sem er verið að gera með þessu frumvarpi ná ekki svo langt.

Í 2. gr. b. er breyting gerð um gjald af auðum hljóðböndum og myndböndum. Spurning er hvort slíkt gjald sé ekki tímaskekkja og hvað með ýmis ný form sem notuð eru við upptöku og varðveislu efnis.

Efnislega er ekki mikið að segja um þær breytingar, sem verið er að gera á höfundalögum að því er varðar Útvarpið en víða er um flóknar tilvitnanir að ræða. Það sem vekur þó athygli þegar lögin sjálf eru skoðuð að yfirleitt helst höfundaréttur í 70 ár eftir andlát rétthafa. Að því er varðar útvarp virðist réttur þess nokkuð óljós og réttur framleiðanda, þá virðist eingöngu átt við útgefendur, er 50 ár skv. 46 gr. laganna en skv. 48. gr. er réttur útvarpsstofnunar aðeins 25 ár frá frumupptöku. Það væri e.t.v. rétt að fá álit Kristjáns Þorbergssonar á þessum greinum.

Með kveðju

  
Dóra Ingvadóttir.